



Skóli Ísaks Jónssonar
Sjálfseignarstofnun

Skólanámskrá SÍJ Heimilisfræði – 3. Bekkur

Nemendur eru í heimilisfræði tvær kennslustundir aðra hverja viku. Stuðst er við kennslubókina Heimilisfræði 3 og unnar uppskriftir úr henni. Nemendur fá m.a. að kynna ger- og kökubakstri og læra hvernig og hvaða áhöld á að nota við baksturinn. Einnig er eitthvað um eldamennsku. Í heimilisfræði gefst tækifæri til að hafa áhrif á lífsstíl nemenda og því tölum við m.a. um muninn á hollum og óhollum mat og mikilvægi hreinlætis.

Matsviðmið

Matur og lífshættir

Tjáð sig á einfaldan hátt um heilbrigða lífshætti.
Farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif.

Matur og vinnubrögð

Farið eftir einföldum uppskriftum og notað til þess einföld mæli- og eldhúsáhöld. Sagt frá helstu hættum sem fylgja vinnu í eldhúsi.

Matur og umhverfi

Skilið einfaldar umbúðamerkingar

Virgni og samskipti

Tekið virkan þátt í tímum og farið eftir fyrirmælum sem gefin eru.

Námsmat

Við mat á hæfniviðmiðum er stuðst við virkni og þátttöku í tímum og þau verkefni sem nemendur hafa unnið við. Námsmat er sýnilegt á mentor. Að auki fá nemendur endurgjöf eftir hvern tíma A, B+, B eða C.

Yfirfarið september 2024

